

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélagið Lýsu

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006  
um lax- og silungsveiði:  
Ásgeir Magnússon héraðsdómari  
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi  
Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Árið 2012, miðvikudaginn 27. júní, kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman á skrifstofu formanns nefndarinnar að Laugavegi 3, Reykjavík. Mætt voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

### **Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélagið Lýsu.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## **úrskurður:**

### **1. Beiðni um mat**

Með bréfi, dags. 23. október 2010, fóru eigendur jarðanna Ægissíðu, Vatnsholts og Lýsudals fram á það við Veiðifélagið Lýsu að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Beiðnin var í framhaldi framsend matsnefnd til meðferðar. Í bréfinu kemur fram að í ljósi þess að margir áratugir séu liðnir frá því að síðasta arðskrá var gerð, og að á þeim tíma hafi orðið margvíslegar breytingar á veiði, hrygningar- og uppeldisskilyrðum og eignarhaldi á landi, sé krafist endurskoðunar arðskrárinnar skv. 6. mgr. 41. gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006. Á grundvelli þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin erindið til meðferðar.

### **2. Matsfundur**

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn laugardaginn 8. október 2011 að Lýsuhóli þar sem mál þetta var tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélagið Lýsu.

Á fundinum kynnti formaður veiðifélagsins nýja mælingu á vatnasvæðinu, sem unnin var af Guðmundi Sigurðssyni í október 2011. Lögð var áhersla á að heimamenn reyndu að ná samkomulagi ef ágreiningsatriði væru til staðar vegna mælingar áður en matsnefnd yrði send endanleg mæling. Mælingunni fylgdi kort sem mæilínur voru teiknaðar inn á og sást þar glögggt hvernig og hvað mælt var.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum hluta þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

### 3. Vettvangsganga o.fl.

Strax að loknum fundi fóru matsmenn í vettvangsferð um það svæði sem til mats er. Vatnasvæði Lýsu eru nokkur stöðuvötn og lækir eða litlar ár þar á milli. Stærstu vötn eru Torfavatn 49,4 km<sup>2</sup>, Reyðarvatn 13,2 km<sup>2</sup> og Lýsuvatn 19,3 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Engjalækur rennur í Torfavatn norðanvert en einnig fær það vatn úr Hertjörn og Litlavatni. Stutt á rennur úr Torfavatni í Reyðarvatn en í það fellur einnig Hrauná, sem er um 1.100 m að lengd, að fjalli. Úr Reyðarvatni rennur Miðá í Lýsuvatn. Affallið úr Lýsuvatni heitir Netá og í hana rennur dragáin Lýsa, sem kallast að hluta Votilækur. Lýsa er lengsti lækurinn á vatnasvæðinu og er fiskgeng um 2.500 m frá ármótum að fjalli. Neðan ármótanna tekur Vatnsholtsá við og rennur í Hópið, sem er lítið lón neðst á vatnasvæðinu, 4,7 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Affallið úr Hópinu hlykkjast stutta vegalengd til sjávar og gætir þar sjávarfalla.

Skráð meðalveiði tímabilsins 1974-2010 var 121 lax á ári. Árin 2006-2010 var veiðin hins vegar mjög lítil. Vatnasvæðið hefur fjórum sinnum verið rannsakað af starfsmönnum Veiðimálastofnunar, fyrst árið 1981 og síðast sumarið 2010. Nánar verður getið um niðurstöður þeirra rannsókna síðar í úrskurðinum.

### 4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélagið Lýsa. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 892/2011, sem staðfest var af Fiskistofu 15. september 2011 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. sama mánaðar.

Í 3. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna sem land eiga að Hópi, Lýsuvatni, Reyðarvatni, Torfavatni, Litlavatni, Hertjörn og þeim straumvötnum sem í þau renna og sami fiskistofn gangi um frá ósi í sjó til upptaka í fjöllum, en þær eru: Ægissíða, Vatnsholt, Votilækur, Votalækjarblettur, Lýsuhóll, Lýsudalur, Hraunsmúli, Ytri-Garðar, Hoftún og Þorgeirsfell.

Samkvæmt 4. gr. samþykktarinnar er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 fundarmanna. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktarinnar er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

### 5. Rekstur veiðivatna

Hinn 9. júlí 2010 undirritaði veiðifélagið leigusamning um vatnasvæði Lýsu við eigendur Vatnsholts og Ægissíðu. Leigusamningurinn er til 6 ára, nánar tiltekið frá 1. júlí 2010 til 15. september 2015. Samkvæmt samningnum hefur leigutaki til umræða veiðileyfi til sölu á öllu vatnasvæði Lýsu.

Veiðitímabil ár hvert er 3,5 mánuður, eða frá morgni 1. júní til kvölds 15. september. Tveir veiðimenn mega vera saman um hverja stöng á laxveiðitíma en leyfðar eru allt að 8 stangir á

dag á laxveiðitíma. Á tímabilinu frá 1. júlí til 15. september er einungis heimilt að veiða á flugu og spún. Heimilt er að drepa/hirða einn lax á hverjum hálfum degi en öðrum löxum skal sleppt.

Leigutakar greiða veiðifélaginu árlega 2.250.000 krónur fyrir veiðiréttinn á samnings-tímabilinu.

## **6. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í Veiðifélaginu Lýsu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis sent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 8. október 2011. Bárust nefndinni bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og er hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

### **6.1 Ægissíða**

Af hálfu eigenda jarðarinnar er þess krafist að við gerð nýrrar arðskrár verði réttur til veiði og arðs fyrir landi hennar sérstaklega metinn og tilgreindur. Vísað er til þess að frá því síðasta arðskrá fyrir Veiðifélagið Lýsu hafi verið gerð hafi sú breyting orðið á skipan fasteigna sem veiðiréttur tilheyrir að jörð þeirra hafi orðið til sem sjálfstæð fasteign eða lögbýli. Hafi það gerst með því að ráðherra hafi hinn 19. nóvember 2008 veitt þeim heimild til stofnunar lögbýlis á 136,7 ha landsspildu, sem skipt hafi verið úr jörðinni Ytri-Görðum II hinn 14. júní 2005. Við framangreind landskipti og sölu landsins til þeirra hafi verið um það samið að landinu fylgdi réttur til veiða og annarrar nýtingar vatna á vatnasvæði, sem sé í óskiptri sameign jarðanna Ytri-Garða I og Ytri-Garða II samkvæmt landskiptagjörð, dags. 11. maí 1995. Hafi sameiginleg og óskipt hlutdeild þeirra jarða í veiði og arði veiðifélagsins skipst jafnt á milli þeirra. Með Ægissíðu hafi fylgt 87,34% af arðshlutdeild Ytri-Garða II.

Í 1. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði sé sérstaklega kveðið á um að skylt sé að gera skrá er sýni þann hluta af veiði og arði sem koma skuli í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt eigi að veiðivatni á félagssvæði. Sé framangreint óháð því hvernig eignarhaldi á veiðirétti viðkomandi fasteignar sé háttað.

Óumdeilt sé að veiðiréttur sé bundinn við fasteign og að óheimilt sé að skilja hann að nokkru eða öllu frá fasteign, sbr. 9. gr. laga nr. 61/2006. Hins vegar geri lögin ráð fyrir að fasteign eða veiðiréttur geti verið í óskiptri sameign, sbr. 8. gr. laganna. Þannig geti samkvæmt lögunum verið fyrir hendi sameign á veiðirétti án þess að um sameign á fasteign þeirri sem veiðiréttur tilheyrir sé að ræða. Allt að einu sé umræddur veiðiréttur tengdur viðkomandi fasteign og sé órjúfanlegur hluti hennar. Með tilgreiningu á veiðirétti og arði fasteignar í arðskrá sé ekki tekin afstaða til þess hvernig eignarhaldi veiðiréttarins sé háttað. Þannig sé það mat eigendanna að þó svo að ágreiningur gæti verið uppi um eignarhald á veiðirétti þeim sem tilheyrir lögbýli þeirra standi slíkur ágreiningur því ekki í vegi að réttur jarðarinnar til veiði og arðs sé tilgreindur sérstaklega í arðskrá.

Að lokum taka eigendur Ægissíðu fram að í bréfi þeirra sé engin afstaða tekin til þess hvernig eignarhaldi á veiðirétti jarðarinnar sé háttað.

## 6.2 Votilækur

Eigandi jarðarinnar bendir á að í fyrirbyggjandi bakkalengdarmælingu séu viðmiðunarpunktur vegna landamerkja réttir en nöfn jarða séu þar hins vegar ekki að öllu leyti rétt tilgreind. Þannig sé þar ekki getið um svokallaðan Votalækjarblett, sem sé spilda sem þáverandi eigandi Votalækjar hafi haldið eftir austast af jörðinni við sölu hennar á árinu 1971. Eigandinn kveðst hafa, ásamt bróður sínum, keypt jarðirnar Vatnsholt og Votalæk á árinu 1983 og hafi þeir svo á árinu 2000 skipt jörðunum upp á nýtt. Eftir þau skipti eigi Vatnsholt ekki land að veiðisvæðinu en eigi hins vegar veiðirétt þar til jafns við Votalæk þar sem veiðirétturinn sé sameign jarðanna. Votalækjarblettur eigi hins vegar land á veiðisvæðinu sem tilgreint sé í bakkalengdarmælingunni sem Votilækur.

Bent er og á að í síðasta útbóði veiðisvæðisins hafi neðsta svæðið, þ.e. Hópið og áin upp fyrir brú, verið metið á tvo þriðju af verðmæti alls svæðisins en vötnin þar fyrir ofan á einn þriðja.

## 6.3 Lýsudalur

Veiðiréttareigandinn krefst þess að bakkalengdarmæling sem gerð hafi verið á árinu 1971 verði lögð til grundvallar í mati þessu fyrir landi jarðarinnar. Vísar hann til þess að samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar séu landamerki á milli Hraunsmúla og Lýsudals sögð vera í svokölluðum miðgarði í Miðá. Hafi Helgi Sigurmonsson í Hraunsmúla verið viðstaddur þá mælingu og ekki gert þá neinar athugasemdir við að mælingin miðaðist við þennan garð í ánni. Um engan annan garð geti heldur verið að ræða, enda sé hann sá eini í ánni. Þegar ný mæling á landlengd hafi verið gerð hafi Helgi hins vegar talið að umræddur garður væri talsvert vestar, eða í svokölluðu Ingibjargarvaði. Til þess séu hins vegar engin rök, enda sé þar sléttur malarbotn og enginn garður þar sjáanlegur. Þá kannist Guðmundur Jónasson, sem uppalinn sé í Lýsudal og hafi búið þar til 1980, ekki við neinn annan garð en þann garð sem miðað hafi verið við í mælingunni 1971.

Með viðbótargreinargerð, sem matsnefnd barst 2. apríl 2012, ítrekar eigandinn framangreind sjónarmið sín og rökstuðning fyrir þeim. Ekki sé rétt sú staðhæfing eiganda Hraunsmúla að hann hafi á tilgreindum fundi í Lýsuhóli samþykkt að merkin skuli vera í Ingibjargarvaði. Eina sem hann hefði sagt væri að þeir tveir ættu að geta náð samkomulagi um það við hvaða punkt skyldi miða bakkalengdarmælinguna á þessu svæði.

## 6.4 Hraunsmúli

Eigandi Hraunsmúla bendir á að í leigusamningi um vatnasvæði Lýsu fyrir 2006-2009 hafi verið ákvæði um að skipta mætti veiðisvæðinu upp í fleiri en eitt svæði og selja eins og best þætti henta. Hafi þetta í framkvæmd leitt til þess að áin og Hópið hafi verið tekið undan í almenntri sölu og leigð tveimur einstaklingum. Hafi öðrum veiðimönnum þá verið bönnuð þar öll veiði og aðkoma að svæðinu. Eftir lok framangreinds veiðitímabils hafi þessum sömu aðilum tekist að halda sama svæði áfram á leigu. Afleiðing þessa hafi svo verið sú að þeir veiðimenn sem aðallega hafi stundað þar veiðar í áratugi hafi nánast yfirgefið svæðið.

Eigandinn kveðst hafa verið við veiðivörslu á vatnasvæðinu í á annan áratug og með tilliti til reynslu sinnar úr því starfi lýsir hann í bréfi sínu einstökum hlutum veiðisvæðisins og fleiru því tengdu. Tekur hann meðal annars fram að veiði á silungi hafi lítið verið skráð enda hafi silungurinn alls staðar verið frekar smár. Þá hafi lax víða verið skráður eftir þeim vötnum og lækjum sem hann veiddist í án nánari tilgreiningar á veiðistaði.

Í viðbótargreinargerð eigandans, dags. 6. febrúar 2012, er þess krafist að landlengd fyrir landi jarðarinnar miðist við að landamerki gagnvart Lýsudal séu við svokallað Ingibjargarvað. Vísar hann til þess að í örnefnaskrá fyrir jörðina Hraunsmúla segi meðal annars svo: „Úr Reyðarvatni fellur á sem heitir Miðá og rennur hún í Lýsuvatn, á henni er vað sem heitir Ingibjargarvað. Um þetta vað eða nálægt því eru merki á móti Lýsudal.“ Þegar mæla hafi átt bakkalengd vatnasvæðisins, skömmu eftir stofnfund veiðifélagsins á árinu 1974, hafi hann sjálfur og þáverandi bóndi í Lýsudal, Guðmundur Jónasson, sammælt um að ganga á merki jarðanna. Þegar þeir hafi komið á svæðið hafi hins vegar komið í ljós að Guðmundur, sem alist hefði upp í Lýsudal, hafi ekki vitað hvar væri að finna svonefndan miðgarð, sem tilgreindur sé í landamerkjabréfi jarðarinnar. Hafi þeir gengið um bakka árinna á því svæði er hér um ræði og reynt að greina ummerki um garða í ánni, en slíkir garðar hafi á sínum tíma verið gerðir af ábúendum jarðanna til að fanga fisk. Vestarlega í Miðá hafi sést greinileg undirstaða að garði, þvert yfir ána. Þá hafi sést leifar af garðhleðslu upp undir ósnum úr Reyðarvatni. Hafi þeir Guðmundur verið sammála um að miðgarðurinn væri þarna einhvers staðar á milli. Hins vegar hafi staðið í þeim að staðsetja miðgarð en grjótrastir í bökkum og botni árinna hafi verið og séu sýnilegar um 15 m neðan við Ingibjargarvað. Til þess að leysa málið, með tilliti til væntanlegrar bakkalengdarmælingar og arðskrárgerðar, kveðst eigandinn hafa fallist á að mælingin skyldi þá miðast við efsta garðinn, en í því fælist engin viðurkenning á að landamerki jarðanna teldust á þeim stað. Þeir myndu síðan í kjölfarið afla sér tiltækra gagna og taka málið upp þegar bakkar árinna yrðu mældir við gerð næstu arðskrár.

Loks vísar eigandi Hraunsmúla til þess í greinargerðinni að á fundi veiðiréttareigenda með matsnefndinni að Lýsuhóli hinn 8. október 2011 hafi eigandi Lýsudals samþykkt að bakkalengd við arðskrármat þetta skuli miðast við að merki milli jarðanna Hraunsmúla og Lýsudals séu við Ingibjargarvað. Fylgdi með greinargerðinni yfirlýsing fjögurra annarra fundarmanna þessu til staðfestingar.

## **7. Skipting arðs**

### **7.1 Almenn**

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hveurrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurbjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá þætti, sem taka skal tillit til við niðurbjöfnun á veiði eða úthlutun arðs: a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, c. veiðitalna í

stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns og g. hrygningar- og uppeldisskilyrða. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta er varða aðstæður og ýmsar fiskiræktar- og umhverfisfrákvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar fyrir Veiðifélagið Lýsu skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Í gildandi arðskrá frá árinu 1977 var arði skipt í einingar miðað við að heildarfjöldi þeirra væri samtals 1.000. Í þessu mati er hins vegar hafður sá háttur á að 10.000 einingar komi til skipta. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Eins og rakið er í kafla 6.1 hér á undan hafa eigendur jarðarinnar Ægissíðu krafist þess að réttur jarðarinnar til veiði og arðs af henni verði sérstaklega tilgreindur í arðskránni. Með vísan til þeirra gagna sem fylgdu með greinargerð eigendanna eða hafa síðar verið lögð fram, meðal annars kaupsamnings um jörðina, verður fallist á þau sjónarmið eigendanna að jörðinni fylgi 43,67% af óskiptum veiðirétti hins forna lögbylis Ytri-Garða. Ber því að úthluta Ægissíðu sem nemur 43,67% af óskiptum heildararði jarðarinnar. Á sama hátt leiðir það til þess að 50% af heildararði ganga til Ytri-Garða I en 6,33% til Ytri-Garða II.

Á sama hátt, og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í kafla 6.2 og fyrir- liggjandi gögnum, er arður jarðanna Vatnsholts og Votalækjar reiknaður út í einu lagi en skipt jafnt milli jarðanna í arðskrá.

## 7.2 Aðstaða til veiði

Við mat á aðstöðu til stangveiði hefur matsnefnd almennt byggt á skilagreinum frá veiðifélagi um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum á tilteknu viðmiðunartímabili árin á undan. Hér háttar hins vegar svo til að slíkar skilagreinar liggja ekki fyrir þannig að á verði byggt. Af þeim gögnum sem nefndin hefur fengið í hendur verður helst ráðið að veiði á laxi og silungi hafi farið mjög minnkandi hin síðari ár. Þannig er skráð veiði á árinu 2004 samtals 105 laxar, 208 laxar á árinu 2005 en 14 laxar árið 2008, 4 laxar árið 2009 og 33 laxar árið 2010.

## 7.3 Landlengd

Fyrir liggur skýrsla um mælingu á landlengd vatnasvæðisins, dags. 5. október 2011, sem Guðmundur Sigurðsson vann fyrir veiðifélagið. Kemur þar fram að teknir hafi verið gps- punktar á landamerkjum jarða og við upptök helstu vatnsfalla sem mynda vatnasvæðið. Við mat matsnefndar á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði sem markar lífsrymi lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti,

jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert.

Eins og lýst hefur verið í köflum 6.3 og 6.4 hér á undan er uppi ágreiningur milli eigenda jarðanna Lýsudals og Hraunsmúla um það hvar mörk milli jarðanna séu í Miðá. Eigandi Lýsudals krefst þess að við ákvörðun landlengdar skuli í mati þessu miðað við sömu mörk milli jarðanna og gert hafi verið við eldri bakkamælingu frá árinu 1971. Eigandi Hraunsmúla hefur hins vegar mótmælt því viðmiði. Kveðst hann einungis hafa fallist á að við þau mörk yrði miðað í mælingunni frá árinu 1971, en um það hafi þá verið rætt milli hans og þáverandi eiganda að málið yrði tekið til endurskoðunar við gerð nýrrar arðskrár. Óumdeilt er milli eigendanna að mörk jarðanna samkvæmt landamerkjabréfi Hraunsmúla skuli vera við svonefndan miðgarð í Miðá, en aðilana greinir á um hvar sá garður sé eða hafi verið. Vísar eigandi Lýsudals til þess að þau mörk sem eldri bakkalengarmælingin hafi miðast við hafi réttilega verið sett þar við þann eina garð sem sjáanlegur sé í ánni og sé hinn tilgreindi miðgarður. Eigandi Hraunsmúla kveður hins vegar ekki geta staðist að garður þessi sé í raun hinn tilgreindi miðgarður. Sá garður sé nú horfinn. Þá vitnar hann í fyrirbyggjandi lýsingu í örnefnaskrá Hraunsmúla þar sem fram komi að mörkin milli jarðanna séu um Ingibjargarvað eða nálægt því.

Enda þótt ekki sé á verksviði matsnefndarinnar að skera úr ágreiningi veiðiréttareiganda um mörk milli fasteigna þeirra sem liggja að veiðivatni hefur nefndin talið sér skylt í slíkum tilvikum að ákveða við hvaða mörk skuli miða við mat á arðskrá, með tilliti til fyrirbyggjandi gagna. Eins og framangreindur ágreiningur liggur fyrir matsnefnd telur nefndin ekki unnt að skera úr um hvort miða skuli mörkin við sama stað og gert var í gildandi arðskrá eða hvort miða beri við þann stað við Ingibjargarvað sem eigandi Hraunsmúla gerir kröfu til, en milli þessara staða er 251 m. Með hliðsjón af þessu er það niðurstaða nefndarinnar að mörkin skuli í mati þessu teljast vera miðja vegu á milli þessara tveggja staða og er þeim 126 einingum sem koma til úthlutunar á þessu ágreiningssvæði því skipt jafnt milli jarðanna.

Þegar framangreind bakkalengdarmæling fór fram í byrjun október 2011 lá fyrir að ágreiningur væri uppi um það hvar staðsetja skyldi mörkin milli jarðanna Þorgeirsfells og Hoftúna, við austanverða Hertjörn. Með yfirlýsingu eigenda jarðanna, dags. 10. nóvember sama ár, staðfestu þeir hins vegar að með þeim hefði tekist samkomulag um að á meðan endanleg landamerki jarðanna hefðu ekki verið ákveðin eða samþykkt skuli í arðskrármati þessu miðað við þann mælipunkt sem merktur er nr. 11 í mælingarskýrslunni. Miðað við þessa niðurstöðu verður ekki séð að jörðin Þorgeirsfell liggja annars staðar að vatnasvæði Lýsu. Þar sem ekkert liggur fyrir um að jörðinni tilheyri veiðiréttur af öðrum sökum verður henni ekki úthlutað arði í mati þessu.

Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu um bakkalengdarmælingar voru einnig mældir bakkar Lýsu þar sem lax getur ekki gengið eða ekki er vitað til að lax hafi veiðst. Á það við um bakka Lýsu ofan við Ólaxgengan foss, svo og Lýsuvatn efra. Verður því ekki úthlutað einingum vegna þessara kaffla. Að öðru leyti en að framan greinir verður fyrirbyggjandi mæling á landlengd jarða lögð til grundvallar.



#### **7.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Við mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum hefur matsnefnd almennt stuðst við sérfræðilegt mat á búsvæðum lax og silungs, svokallað búsvæðamat, sé því til að dreifa. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið unnið vegna vatnasvæðis Lýsu, en fyrir liggja skýrslur Veidimálastofnunar um rannsóknir á seiðabúskap og fiskistofnum sem matsnefnd lítur til og er þeirra getið í yfirliti yfir þau gögn sem nefndin hafði til afnota við matsvinnuna. Hafa starfsmenn stofnunarinnar þrívægis rannsakað svæðið, fyrst árið 1981 og síðast sumarið 2010. Nýjasta skýrslan vegna þessa er skýrsla VMST/10041, Vatnasvæði Lýsu 2010, seiðabúskapur og laxveiði, þar sem meðal annars er gerð grein fyrir mælingum á seiðapéttleika laxaseiða á tilgreindum veiðistöðvum.

#### **7.5 Niðurstaða um skiptingu arðs**

Með tilliti til þess sem að framan er rakið í köflum 7.2 og 7.4 um takmörkuð gögn um veiði og mat á búsvæðum er það niðurstaða matsnefndar að skipta arði í mati þessu eingöngu í samræmi við landlengd á vatnasvæðinu, með tilliti til vægis sem einstakir bakkar á svæðunum fá samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Við mat á því hefur verið horft til allra þeirra þátta sem raktir hafa verið í köflum 7.1 til 7.4.

Samkvæmt þessu skal vægi bakka á vatnasvæði Lýsu vera með eftirgreindum hætti:

Bakkar frá ósi í sjó að Hópi fá vægið 1, bakkar Hóps fá vægið 0,7, bakkar Vatnsholtsár, frá Hópi að Votalækjarósi (Lýsuósi), fá vægið 1, bakkar Netár, frá fyrrnefndum ósi að Lýsuvatni fá vægið 0,7, bakkar Lýsuvatns fá vægið 0,65, bakkar Miðár fá vægið 0,5, bakkar Reyðarvatns fá vægið 0,45, bakkar Kvíslarinnar milli Torfavatns og Reyðarvatns fá vægið 0,2, bakkar Torfavatns fá vægið 0,25 og bakkar Torfalækjar, Litlavatns, skurðar úr Hertjörn í Litlavatn og bakkar Hertjarnar fá vægið 0,05. Þá fá bakkar kvísla og lækja eftirfarandi vægi: Bakkar Engjalækjar vægið 0,05, bakkar Hraunár vægið 0,1, bakkar Lýsu, frá ósi í Netá þar til hún kvíslast 610 m ofan við Merkjahyl, vægið 0,05, bakkar kvíslar Lýsu þar ofan við vægið 0,01, bakkar Votalækjar (Lýsu), frá ósi í Vatnsholtsá/Netá og 250 m inn í land Lýsuhóls, vægið 0,2 og bakkar Lýsu þar ofan við, að ófiskgengum fossi, vægið 0,1.

#### **10. Kostnaður, gildistaka o.fl.**

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum, er hafnað.

Allur kostnaður af mati þessu, 1.890.915 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Lýsu og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku arðskrár þessarar fer skv. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og tekur hún því gildi daginn eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veðifélagið Lýsu skal vera sem hér greinir:

Jarðir	Einingar:
Ytri-Garðar I	1932
Ytri-Garðar II	245
Ægissíða	1687
Hoftún	417
Votilækur	797
Vatnsholt	797
Votalækjarblettur	606
Lýsuhóll	383
Lýsudalur	1689
Hraunsmúli	1447
	<b><u>Samtals</u></b>
	<b><u>10.000</u></b>

Reykjavík 27. júní 2012

Hulda Rós Rúriksdóttir formaður  
sign.

Ásgeir Magnússon  
sign.

Magnús Ólafsson  
sign.

# Gögn til afnota við matsgerð

## A. Gögn um veiði

1. Yfirlit yfir veiðitölur vegna stangveiði á tímabilinu 1990-2010.

## B. Gögn um land og búsvæði

1. Vatnasvæði Lýsu, fiskifræðilegar rannsóknir, Þórir Dan Jónsson, Veiðimálastofnun, 1981.
2. Vatnasvæði Lýsu 1986, rannsókn á fiskistofnum, Sigurður Már Einarsson, Veiðimálastofnun.
3. Fiskirannsóknir á vatnasvæði Lýsu árið 2001, Sigurður Már Einarsson og Björn Theodórsson, júlí 2002.
4. Vatnasvæði Lýsu 2010, seiðabúskapur og laxveiði, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson.
5. Skýrsla um bakkalengdarmælingu á vatnasvæði Lýsu, dags. 5. október 2011, sem unnin var af Guðmundi Sigurðssyni, ásamt myndum og hnitaskrá.
6. Nýting og ræktun á vatnasvæði Lýsu, Sigurður Már Einarsson, ódagsett.
7. Mælingagjörð Leifs Kr. Jóhannessonar, dags. 9. og 10. september 1971.

## C. Bréf frá eigendum veiðiréttar.

1. Bréf lögmanns eigenda Ægissíðu, dags. 15. nóvember 2011, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
  - landskiptagjörð fyrir Ytri Garða í Staðarsveit dags. 11.5. 1995 um skipti Ytri Garða í Ytri Garða I og Ytri Garða II
  - afsal fyrri eigenda, dags. 28. maí 2002
  - kaupsamningur, dags. 13. júlí 2005, vegna kaupa núverandi eigenda á 136,7 ha lóð úr landi Ytri Garða II
  - Bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2008, um heimild til stofnunar lögbýlis
  - Bréf örnefnafndar, dags. 17. desember 2008, vegna nafns jarðarinnar Ægissíðu
  - stofnskjal vegna Ytri Garða III, landnúmer 198879
  - yfirlit úr landskrá fasteigna vegna jarðarinnar Ytri Garða II, dags. 13. júní 2005
  - þinglýsingarvottorð vegna Ytri Garða II, dags. 13. júní 2005
2. Bréf eiganda Votalæks, dags. 13. nóvember 2011, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
  - afsal, dags. 25. júlí 1983, vegna jarðanna Vatnsholts og Votalækjar
  - afsal, dags. 14. maí 1971, vegna jarðanna Vatnsholts og Votalækjar
  - Landamerkjalyfing fyrir jarðir Vatnsholt og Votalæk, dags. 1. nóvember 2000
  - Bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 12. janúar 2001, um staðfestingu landskipta milli jarðanna Votalækjar og Vatnsholts
3. Bréf eiganda Hraunsmúla, dags. 13. nóvember 2011.
4. Bréf eiganda Hraunsmúla, dags. 6. febrúar 2012, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
  - greinargerð
  - landamerkjabréf vegna jarðarinnar Hraunsmúla frá 1933
  - endurrit úr landamerkjaskrá fyrir Lýsudal frá 24. ágúst 1888
  - endurrit úr landamerkjaskrá fyrir jörðina Hraunsmúla frá 24. ágúst 1888
  - yfirlýsing veiðiréttareigendanna Þorkels Símonssonar, Hauks Þórðarsonar, Agnars Gestssonar, Jökuls Helgasonar og Helga Sigurmonssonar, ódagsett
5. Bréf eiganda Hraunsmúla, dags. 1. apríl 2012.
6. Tölvupóstur frá eiganda Lýsudals, dags. 28. desember 2011.
7. Bréf eiganda Lýsudals, móttekið 2. apríl 2012, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
  - endurrit úr aukadómþingsbók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1. mars 1977 vegna dómkvaðningar matsmanna
  - afrit af bréfi Símons Sigurmonssonar, dags. 3. janúar 1977, vegna beiðni um dómkvaðningu matsmanna
  - arðskrá Veiðifélagsins Lýsu, dags. 13. nóvember 1977
8. Samkomulag eigenda Hoftúns og Þorgeirsfells um sameiginleg landamerki jarðanna við Hertjörn austanverða.

## D. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf eigenda Ægissíðu, Vatnsholts og Lýsudals, dags. 23. október 2010. Beiðni um endurskoðun á arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til Veiðifélagsins Lýsu, dags. 30. ágúst 2011. Beiðni um gögn.
3. Bréf matsnefndar til Veiðifélagsins Lýsu, dags. 29. ágúst 2011. Beiðni um boðun fundar.
4. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda á vatnasvæði Lýsu, dags. 18. október 2011. Frestur vegna greinargerða.
5. Samþykkt fyrir Veiðifélagið Lýsu, dags. 15. september 2011.
6. Listi frá formanni Veiðifélagsins Lýsu yfir landeigendur í Veiðifélaginu Lýsu.
7. Rekstrarreikningur Veiðifélagsins Lýsu 2010.
8. Leigusamningur, dags. 9. júlí 2010.
9. Arðskrá fyrir Veiðifélagið Lýsu, dags. 13. nóvember 1977.